

Ed. **568. Nefndarálit** [181. mál]

um frv. til laga um kaupstaðarréttindi til handa Grindavíkurhreppi.

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur haft þetta mál til meðferðar um nokkurt skeið. Umsagnir hafa borist frá dómsmálaráðuneytinu og réttarfarsnefnd. Skoðun allsherjarnefndar er, að rétt sé, að hreppurinn hljóti kaupstaðarréttindi, en án þess að um leið verði stofnað til nýs bæjarfógetaembættis þar. Kaupstaðurinn kæmi þá til að heyra undir embætti sýslumannsins í Gullbringusýslu og bæjarfógetans í Keflavík.

Með skírskotun til þess, sem hér hefur verið greint, mælir nefndin með samþykkt frv. með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. 2. gr. orðist svo:

Sýslumaður Gullbringusýslu og bæjarfógeti Keflavíkur skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

2. 3. gr. falli niður.

Alþingi, 22. mars 1974.

Björn Fr. Björnsson,
form., frsm.

Helgi F. Seljan,
fundaskr.

Páll Þorsteinsson.

Auður Auðuns.

Þorv. Garðar Kristjánsson.

Steingrímur Hermannsson.

Eggert G. Þorsteinsson.